

Orlofs Fréttabréf

Verkalýðsfélags Suðurlands til félagsmanna

Mars 2006

ábyrgðarmaður Már Guðnason

Sumar og sumarleyfi.

Nú styttest í að sumarleyfistími félagsmanna hefjist og ætlum við því að minna á það sem er í boði hjá Verkalýðsfélaginu.

Verkalýðsfélag Suðurlands leigir út til félagsmanna eitt orlofshús, eina orlofsíbúð, eitt fellihýsi og einn tjaldvagn. Á sumrin er eingöngu um vikuleigu að ræða, en yfir vetrartímann er hægt að leigja helgarleigu í Reykjaskógi. Undanfarin ár hefur íbúðin á Akureyri verið leigð til skólafólks yfir veturinn.

Inni í blaðinu er umsóknareyðublað sem félagsmenn fylla út og senda til okkar í pósti á skrifstofu félagsins, að Suðurlandsvegi 3, 850 Hellu. Það er líka hægt að faxes umsóknina til okkar í s:487-5003, eða fara á heimasíðu félagsins www.vlfs.is undir liðnum réttindi þín, velja það sem við á og senda umsóknina svo til okkar í tölvupósti vr@snertill.is

Umsóknartími fyrir orlofshús/vagna er frá 1-15 apríl n.k.og verður úthlutun lokið 30.apríl. Allir umsækjendur fá svar sent bréfleiðis.

Mjög margir sækja um sömu vikurnar, þ.e.a.s. tímabilið júlí fram í miðjan ágúst. Það er ljóst að ekki er hægt að fullnægja óskum allra um þessar vikur. Þeir sem hyggjast sækja um, eru hvattir til að hafa annan kost til vara.



Límmiði
Nafn
Heima
sími

Vlf.Suðurlands selur staka miða í Hvalfjarðargöngin. Verð pr miða er 500 kr, eða helmingsafsláttur m.v. venjulegt verð. Miðarnir eru til sölu á skrifstofu félagsins

Opnunartími skrifstofunnar á Hellu er frá kl 9:00 16:00 mánud til föstud , (annar opnunartími kemur fram á símsvara, eða er auglýstur sérstaklega).

REYKJASKÓGUR, ÁRNESSÝSLU

Orlofshúsið í Reykjaskógi er 75 fermetrar og búið öllum helstu þægindum. Heitur pottur með nuddi er á lokaðri verönd við húsið. Í húsinu eru þrjú herbergi og svefnstæði fyrir 8 manns. Einnig er ferðabarnarúm í húsinu. Taka þarf með sér lín, borðtuskur, þurrkustykki, wc pappír og eldhúsrúllupappír. Gasgrill og kolagrill eru í geymslu. Ef nota á kolagrillið þarf að taka með sér kol og olíu. Hreingerningarvörur eru til staðar. Lyklar eru afhentir á skrifstofu félagsins. Reykjaskógur er í landi Efri-Reykja, skammt austan við Laugarvatn. Stutt er í golfvöll og sundlaug er í Úthlíð, sem og veitingastaður. Ekki má svo gleyma Gullfoss og Geysi sem eru í næsta nágrenni. Verð fyrir vikuleigu er 17.000- Leigutími er frá kl 14 á föstudegi til kl 12 næsta föstudags.



FURULUNDUR 10, AKUREYRI

Orlofsíbúð Vlf.S er að Furulundi 10, d á Akureyri. Íbúðin er um 50 fermetrar með tveimur herbergjum, kojum í öðru en í hinu eru tvö rúm sem hægt er að setja saman. Sængur og lín fylgja en taka þarf með sér borðtuskur og þurrkustykki. Kolagrill er á svölum. Ef nota á grillið þarf að taka með sér kol og olíu. Securitas er umsjónaraðili fyrir íbúðina. Lyklar eru afhentir á skrifstofu Securitas, Tryggvabraut 10. Akureyri. Frá Akureyri er stutt í margar helstu náttúruperlur landsins og bærinn sjálfur vinsæll áningastaður í lengri eða skemmri tíma. Verð fyrir vikuleigu er **15.000-** Leigutími er frá kl 14 á föstudegi til kl 12 næsta föstudags



www.akureyri.is, www.eyjafjordur.is
www.blaskogabyggd.is, www.uthlid.is


www.combicamp.is
www.netsalan.com

FELLIHÝSI OG TJALDVAGN

Tjaldvagninn er af gerðinni Combi Camp Venezia, með 2 svefnstæðum. Með vagninum fylgja gas-hellur, gaskútur, borð og 4 stólar. Engin áhöld fylgja og þurfa leigjendur að koma með það sjálfir. Geymslukassi er á vagninum. Það er bæði auðvelt, þægilegt og fljótlegt að tjalda Combi Camp tjaldvagninum. Verð fyrir vikuleigu er **13.000-**

Fellihýsið er af gerðinni Viking epic og er 9 fet. Það er með 2 svefnskálum og er hægt að breyta borðkróknum í svefnstæði líka. Í fellihýsinu er sólarrafhlaða, ísskápur og miðstöð. Engin áhöld fylgja og þurfa leigjendur að koma með það sjálfir. Verð fyrir vikuleigu er **17.000-**

Tjaldvagn og Fellihýsi: Fortjald fylgir. EKKI er leyfilegt að vera með gæludýr og reykingar eru **STRANGLEGA** bannaðar innandyra sem og í fortjaldinu. Leigutími er frá kl 16 á fimmtudegi til kl 16 næsta miðvikudags. Mikilvægt er að þeir sem ætla sér að nota vagnana séu viðstaddir þegar þeir eru afhentir.

Umsjón með vögnunum hefur Tjaldborg, Dynskálum 30, 850 Hellu,  487-5928 sem sér um að afhenda og fara yfir vagnana að leigutíma loknum.



Verkalýðsfélag Suðurlands
sími 487-5000